5. tbl. 5. árg. föstudagur 7. apríl 2006. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, Kjalarnesi og Kjós.

Ljósm. K. Tomm

Sigurvegarar í Stóru upplestrarkeppninni

Stóra upplestrarkeppnin var haldin í Bæjarleikhúsinu 23. mars s.l og að vanda var vel að henni staðið. Tólf keppendur tóku þátt í keppninni, sex frá hvorum skóla. Að þessu sinni var það Varmárskóli sem bar sigur úr bítum en annað og þriðja sætið féll í hlut Lágafellsskóla. Sigurvegari varð Ólafur Orri Gunnlaugsson 7. RR í Varmárskóla, í öðru sæti hafnaði María Ólafsdóttir 7. AB í Lágafellsskóla og í þriðja sæti hafnaði Kristín Helga Hermannsdóttir einnig í Lágafellsskóla. Keppendur fengu allir veglegar gjafir.
Á myndinni má sjá sigurvegarana, frá vinstri: Maríu Ólafsdóttur, Ólaf Orra og Kristínu Helgu.

EIGN VIKUNNAR

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Hjallahlíð

NÝTT Á SKRÁ

94 m2, 4ra herbergja íbúð á jarðhæð í 4ra íbúða Permaformhúsi, ásamt 27,7 m2 bílskúr

Verð kr. 25,5 m

Kjarna,
Þverholti 2
Mosfellsbæ

586 8080
www.fastmos.is

Sjá nánar á bls. 3

Einar Páll Kjærnested
löggiltur fasteignasali

Páskaeggin úr villibaunasúkkulaðinu frá Bólivíu fást í Mosfellsbakarí

RÉTTINGAVERKSTÆÐI
JÓNS B. ehf
Flugumýri 2 Mosfellsbæ.
Sími: 566-7660 og 697-7685.
Fax: 566-8685.
Netfang: jonrett@internet.is
VOTTAÐ VERKSTÆÐI
Cabas sjónaskoðun
Pjónustuverkstæði.
Fagmennska í fyrirrúmi. Útvegum bílaleigubíla.

Engan fjölpóst takk?

Fjölpóstur er vinsæl leið fyrirtækja til að ná til fólks í landinu. Fjölpóstur er margs konar auglýsinga- og kynningarefni sem ekki er áritað með nafni viðtakanda og er dreift inn á öll heimili og í fyrirtæki. Í daglegu tali köllum við þetta ruslpóst.

Margir hafa komið að tali við mig og kvartað yfir því að þeim berist ekki Mosfellingur inn um lúguna. Oft lendi ég í hrókasamræðum og skil hvorki upp né niður í því að blaðið skili sér ekki alla leið. Undir lok samtals kemst ég svo oftast að því að viðkomandi er með límmiða á póstkassanum sínum sem á stendur „Engan fjölpóst takk". Þetta finnst fólki mjög skrýtið, enda lítur það ekki á Mosfelling sem eitthvert rusl. Fólk verður að gera sér grein fyrir því að ef það vill ekki fjölpóst þá fær það ekki fjölpóst. Mosfellingur á hins vegar heima inn á öllum heimilum enda er þar tekið á því helsta sem fram fer í bæjarfélaginu og oft er þar að finna mikilvægar upplýsingar til bæjarbúa.

Því hef ég brugðið á það ráð að útbúa miða handa ykkur sem viljið Mosfelling en ekki allan ruslpóstinn. Klippið út þennan miða hér til hliðar og setjið á póstkassann. Versta er að Mosfellingur berst ekki þeim sem þurfa á þessum miða að halda en þeir verða þá bara að fá hann hjá vinum og vandamönnum. Tökum Mosfellingi fagnandi en sleppum við ruslpóstinn og þá eru allir sáttir.

Hilmar Gunnarsson
ritstjóri

LEIÐARI

ENGAN FJÖLPÓST

MOSFELLINGUR

UNDANTEKINN

PÓSTURINN

Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

...þegar Mosfellsbær var hersetinn og það var langt að fara til Reykjavíkur. Á myndinni sem tekin er á árunum 1941-2 sést skotbyrgi sem staðsett var á Lágafelli. Það virðist í fljótu bragði sem hermaður standi vaktina en þegar betur er að gáð er það aðeins hjálmurinn hans sem er viðstaddur. Myndin er tekin í átt að Úlfarsfelli og núverandi Grafarvogi en á þessum árum var þarna aðeins Korpúlfsstöðum fyrir að fara ásamt Vesturlandsvegi, hitaveitustokknum og túnunum á Blikastöðum.

MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Álafossvegi 18, s. 694-6426 og 897-7664.
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Ritstjórn: Hilmar Gunnarsson, Karl Tómasson og Ágúst Bernhardsson.
Blaðamenn og pistlahöfundar:
Ásgeir Jónsson, Friðrik G. Olgeirsson Hanna Símonardóttir, Högni Snær Hauksson, Kara Hergils Valdimarsdóttir, Margrét Lára Höskuldsdóttir, Þrándur Gíslason og Örn Franzson
Umbrot og hönnun:
Mosfellingur ehf.
Próförk: Hjördís Kvaran Einarsdóttir
Prentun: Prentmet, prentað í 3000 eintökum og dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, Kjalarnes og Kjós.

Mosfellingur kemur út að jafnaði á tveggja til þriggja vikna fresti allt árið um kring.

Börnin í bænum

Bekkjarsysturnar og vinkonurnar Kristjana Björnsdóttir og Kristín Þóra Birgisdóttir eru báðar 7 ára og í 2. S.B. í Varmárskóla. Þegar aðblaðamaður Mosfellings rakst á þær voru þær á leið heim en ákváðu að príla pínuog leika í leiktækjunum fyrir utan skólann áður en þær örkuðu af staðheimleiðis.

HEILRÆÐI Bjössa

Bernharð Hreinsson skoraði á Björn Bjarnason að koma með heilræði.

Heilræði mitt er: Kærleikurinn er kjarni lífsins, allt hitt eru umbúðir utan um hann.

Málsháttur minn er: Æfingin skapar meistarann

Hjartans mál: Íþróttir og útivera

Bjössi skorar á Sveinbjörn Sævar fyrrverandi markmann Aftureldingar og elsta spilandi markvörð heims að koma með næsta heilræði.

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Kjarna, Þverholti 2
Mosfellsbæ

www.fastmos.is
Sími: 586 8080

EINAR PÁLL KJÆRNESTED
Löggiltur fasteignasali

Álmholt – 236 m2 einbýli + aukaíb.

Erum með 236,1 m2 einbýlishús með aukaíbúð í kjallar, þar af 48,2 m2 tvöfaldur bílskúr. Aðalhæðin er 140 m2 og skiptist í stofu, eldhús, þvottahús, 4 svefnherbergi og baðherbergi. Í kjallara er björt 2ja herbergja íbúð tilvalin til útleigu eða fyrir unglinginn. Húsið stendur innarlega í lóðinni og stórt og gott bílaplan og mikill suðurgarður.
****Verð kr. 46,2 m.****

Tröllateigur – 182,2 m2 endaraðhús

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá nýtt fullbúið endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Stofa, eldhús, borðstofa og forstofa á jarðhæð, 3 svefnherbergi, glæsilegt baðherbergi og þvottahús á 2. hæð. Íbúðin er fullbúin með eikarparketi og flísum á gólfi, glæsilegri eldhúsinnréttingu og baðherbergi með baðkari og gufu sturtuklefa. Stór suðurgarður er grófjafnaður. Tvær stórar svalir og flott útsýni. Húsið er tilbúið til afhendingar í dag. **Verð kr. 44,9 m.**

Furubyggð – 107,2 m2 endaraðhús

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá flott 107 m2 endaraðhús á einni hæð í gróinni og fallegri götu í Mosfellsbæ. Í húsinu eru tvö svefnherbergi, vinnuherbergi, baðherbergi m/hornbaðkari, stór stofa og eldhús með fallegir innréttingu. Mikil lofthæð í húsinu gerir húsið bjart og rúmgott. Fallegur suðurgarður með timburverönd og trjágróðri.
Verð kr. 28,3 m.

Fellsás – 285,5 m2 einbýlishús

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá að fá 285,5 m2 einbýlishús á sérlega fallegum útsýnisstað í hlíðum Helgafells í Mosfellsbæ Húsið er á tveimur hæðum og ber merki arkteksins, Vífils Magnússonar, augljós merki. Í húsinu er mjög stórt eldhús, stór stofa, sólskáli, 4 góð svefnherbergi, tvö baðherbergi og sjónvarpshol. Á jarðhæð er stór tvöfaldur bílskúr og 70 m2 íbúðarrými, sem vel gæti nýst sem aukaíbúð, skrifstofa eða unglingaherbergi. **Verð kr. 54,0 m.**

Þverholt – 3ja herb.

114,3 m2, 3ja herbergja íbúð á 3ja hæð í góðu fjölbýli í Mosfellsbæ. Þetta er stór og björt íbúð, 2 góð svefnherbergi, fataherbergi inn af hjónah., baðherbergi með kari og sturtuklefa, sér þvottahúsi, rúmgóð stofa og eldhús með góðum borðkrók. Mögulegt væri að stúka af 3ja svefnherbergið. Suðursvalir og stutt í alla þjónustu. Íbúðin getur verið laust strax.
Verð kr. 21,3 m.

Álmholt – efri sérhæð m/2f. bílskúr

142,8 m2 efri hæð ásamt 50 m2 tvöföldum bílskúr, með glæsilegu útsýni yfir Leirvoginn og að Esjunni. Fjögur góð svefnherbergi, eldhús m/borðkrók, stór stofa með kamínu og björt borðstofa, sjónvarpshol, baðherbergi og gestasalerni ásamt góðu þvottahúsi. Frábær staðsetning, neðst í botnlanga í grónu hverfi. Gönguleiðir, golfvöllur og hesthúsahverfi í næsta nágrenni. **Verð kr. 35,6 m.**

Tröllateigur – 167,1 m2 endaraðhús

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá endaraðhús á tveimur hæðum í nýbyggðu hverfi við miðbæ Mosfellsbæjar. Á jarðhæð eru stofa, borðstofa, eldhús, gestasalerni og bílskúr, en á 2. hæð eru 3 góð svefnherbergi, vinnuherbergi, þvottahús og stórt baðherbergi. Flísar og bambusparket á gólfum og fallegar innréttingar í eldhús og baði.
Verð kr. 41,5 m.

Tröllateigur – 4ra herb.

Erum með stóra og bjarta 4ra herbergja endaíbúð í nýju fjölbýli við miðbæ Mosfellsbæjar. Íbúðin er á 2. hæð, en gengið er inn í íbúðina frá götu, en úr stofu er gengið út svalir með fallegu útsýni að Esjunni. 3 rúmgóð svefnherbergi, sér þvottahús, baðherbergi með sturtu og baðkari. Hvíttað birki í öllum innréttingum, flísar á forstofu, baði og þvottahús, hnotu plastparket á öðrum gólfum.
****Verð kr. 24,9 m.****

Skeljatangi – 4ja herb.

Erum með fallega 94,2 m2, 4ra herbergja íbúð í litlu fjórbýlishúsi í einu vinsælasta hverfi Mosfellsbæjar. Þrjú góð svefnherbergi, lokað eldhús, góð stofa, baðherbergi og geymsla. Sameiginleg lóð til fyrirmyndar og gönguleið að húsi hellulögð með snjóbræðslu. Lágafellsskóli og leikskólinn Hulduberg er rétt hjá og því tilvalin eign fyrir barnafjölskyldu.
Verð kr. 21,8 m.

Klapparhlíð – 4ra herb. + bílskúr

NÝTT Á SKRÁ 99,9 m2, 4ra herbergja íbúð á efstu hæð i 3ja hæða nýlegu og viðhaldslitlu fjölbýli, byggðu af ÍAV. Þrjú rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi með baðkari, sér þvottahús, gott eldhús og björt stofa. Stórar suðvestur svalir með fínu útsýni. íbúðinni fylgir einnig fullbúinn 26,3 m2 bílskúr. Leikskóli og grunnskóli í augsýn.
Verð kr. 26,5 m.

Lágholt – 165,8 m2 einbýlishús

Erum með 128,6 m2 einbýlishús á einni hæð ásamt 37,2 m2 bílskúr á góðum stað í hjarta Mosfellsbæjar. 4 svefnherbergi, stofa, borðstofa, eldhús, baðherbergi og stórt þvottahús. Húsið er byggt 1968 og þarfnast endurbóta. Skóli, íþróttaaðstað og stundlaug rétt hjá sem og miðbær Mosfellsbæjar.
Verð kr. 33,9 m.

Hjallahlíð – 4ra herb. + bílskúr

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá 94 m2, 4ra herbergja íbúð á jarðhæð í 4ra íbúða Permaformhúsi, ásamt 27,7 m2 bílskúr. Sér inngangur í íbúðina og stór afgirt timburverönd. Sameiginlegur verðlaunagarður til fyrirmyndar. Þetta er falleg og hagstæð íbúð í country stíl. Skóli og leikskóli í næstu götu.
Verð kr. 25,5 m.

Svöluhöfði – 191,8 m2 glæsil. parh.

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá mjög glæsilegt parhús innst í botnlanga í nýju hverfi í Mosfellsbæ. Húsið er einangrað og klætt að utan með álklæðningu, sérsmíðaðar kirsuberja innréttingar og innihurði frá Trésm. Ölfu og parket og flísar á gólfum. 4 svefnherbergi, baðherbergi m/hornbaðkari og stórum sturtuklefa. Rúmgóður bílskúr og hellulagt bílaplan m/snjóbræðslu.
Verð kr. 47,8 m.

Styrkur til fornleifagraftar

Undanfarin ár hafa staðið yfir forleifarannsóknir og uppgröftur við bæinn Hrísbrú í Mosfellsdal. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra hefur ákveðið að styrkja verkefnið um 2 millj. kr. og kemur sá peningur til með að nýtast vel í áframhaldandi rannsóknir á svæðinu. Þar hafa m.a. fundist leifar af kirkju. Kirkja þessi er nefnd í Egilssögu og er talin staðfesta þá sögu.

Árleg menningarvika framundan

Dagana 24. - 28. apríl verður hin árlega menningarvika leikskóla haldin í Kjarnanum. Þetta er í þriðja skipti sem vikan er haldin og taka allir leikskólar bæjarins þátt í atburðinum. Börnin búa til listaverk sem verða til sýnis í Kjarnanum og þá koma börnin til með að syngja fyrir gesti og gangandi. Mánudagur: sýningin sett upp, þriðjudagur: frjáls dagur, miðvikudagur: árgangar 2002 og 2003 mæta í Kjarna og syngja fyrir sýningargesti kl. 10:40, fimmtudagur: árgangur 2001 mætir í Kjarna og syngur fyrir sýningargesti kl.10:40, föstudagur: árgangur 2000 mætir í Kjarna og syngur fyrir sýningargesti við undirleik nemenda Tónlistarskólans kl. 14.

514 milljóna hagnaður hjá bænum

Á ársreikningi Mosfellsbæjar má sjá að rekstur sveitarfélagsins kemur út í 514 milljóna hagnaði. Eigið fé bæjarins var í árslok 2005 1.840 millj. krónur og hefur því hækkað frá 2004 til 2005 um 8%. Rekstrargjöld fyrir árið 2005 voru í heild sinni um 2.237 millj. króna. Sá hagnaður sem varð á árinu er mestmegins til kominn vegna sölu á byggingarétti í Krikahverfinu eða um 400 millj. króna.

Hagstæðar lóðir fyrir hverja?

Hanna Bjartmars Arnardóttir
2. á lista Samfylkingarinnar í Mosfellsbæ

Um daginn sat ég í bíl mínum á leið heim úr vinnu. Í útvarpinu talaði einn af þessum mönnum sem reglulega flytja pistla í þeim fjölmiðli og virðast kunna lausn á flestum heimsins gátum. Eftir að hafa tjáð sig um hvernig Íslendingum kæmi best að haga fiskveiðistjórnunarmálum sínum sneri maðurinn sér að komandi sveitarstjórnakosningum. Hann skildi raunar ekki hvað þar væri um að kjósa. Að hans mati var það að stjórna sveitarfélagi verkfræðilegt og hagfræðilegt úrlaunsarefni og ef menn nálguðust verkefnið með þeim hætti ætti ekkert að geta farið úrskeiðis í stjórnun sveitarfélags. Eitt augnablik velti ég því fyrir mér hvort þetta gæti verið svona einfalt. Jú, kannski ef nóg væri af peningunum þannig að hægt væri að uppfylla allar þarfir íbúanna og einungis þyrfti að hafa umsjón með þeim verkum sem vinna ætti. Því miður er staðan ekki þessi, hvorki í Mosfellsbæ né öðrum sveitarfélögum. Það þarf að velja þau verkefni sem ráðist skal í en önnur verða að bíða betri tíma. Hagfræðin og verkfræðin eru góð verkfæri til að skipuleggja og halda utan um verkefnin en þau ráða ekki vali á verkefnunum. Þar kemur pólitíkin inn í og þar með í raun sú hugmynd sem hver og einn einstaklingur elur í brósti sér um það samfélag sem hann vill lifa í. Sumir vilja samfélag þar sem þeir sem geta borgað njóta gæða og þjónustu en hinir sem minna eiga mega sætta sig við að vera settir hjá. Við Samfylkingarfólk viljum búa í samfélagi þar sem öllum er gefinn kostur á að njóta mannsæmandi lífs óháð félagslegri eða fjárhagslegri stöðu.

Núverandi meirihluti í bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur óneitanlega verið töluvert þjakaður af hinum verkfræðilega og hagfræðilega þankagangi í stjórn sinni á bæjarfélaginu. Málflutningur meirihlutans gengur nær eingöngu út á bókhaldsfræði. Það er rétt að það komi fram hér að að sjálfsögðu er mjög mikilvægt að fjármálaleg stjórn sveitarfélags sé undir styrkri stjórn. Það ætti hins vegar að vera sjálfgefið að þeir sem stjórna bæjarfélaginu fari vel með fé þess. Umræðan ætti að snúast um í hvað því fé er varið sem bærinn hefur úr að spila.

Hið þrönga sjónarhorn sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur haft við stjórn Mosfellsbæjar undanfarin fjögur ár nær ekki út fyrir fjárhagslega stöðu bæjarins. Þetta sést best í samningum við einkaaðila um fjármögnun og byggingu sundlaugar og íþróttamannvirkja og í samningum við landeigendur í Leirvogstungu og á Helgafelli um skipulagningu og úthlutun lóða. Þegar þessir samningar voru undirritaðir hreyktu forsvarsmenn bæjarins sér og sögðu að þetta væri svo hagstætt fyrir sveitarfélagið, að þetta væri gert með hag sveitarfélagsins í huga og að þetta kæmi svo vel út fyrir sveitarfélagið. Að hvaða leyti er þetta svona hagstætt og hvaða góðu útkomu er verið að tala um? Jú, fjárhagslega eða eigum við að segja bókhaldslega útkomu sveitarfélagsins. En er ekki sveitarfélag fyrst og fremst fólkið sem býr innan sveitarfélagsmarkanna? Ætti það sem kemur þessu fólki best þá ekki að vera það sem er hagstæðast fyrir sveitarfélagið? Það kemur þeim sem þurfa að koma yfir sig þaki og verða að greiða 15 – 20 millj. krónur fyrir lóðina ekki sérlega vel að Mosfellsbær skuli hafa gert svona „hagstæðan" samning við landeigendur í Leirvogstungu og á Helgafelli. Ekki heldur hinum sem vilja kaupa íbúð í fjölbýlishúsi en verða að greiða fyrir hana offjár vegna þess að verktakinn sem byggir húsið þarf að greiða okurverð fyrir lóðina undir húsið.

Við búum saman í samfélagi vegna þess að einn af stóru kostunum við það er að í sameiningu getum við tryggt öllum mannréttindi, menntun, heilsugæslu o.s.frv. Á Íslandi hefur verið talið sjálfsagt að fólk ætti sitt eigið húsnæði. Það hefur m.a. verið samfélagslegt verkefni sveitarfélaga að sjá til þess að til væru lóðir þannig að venjulegt fólk gæti eignast þak yfir höfuðið. Sú leið sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur nú valið í lóðamálum er því miður í anda þeirrar stefnu að hinir efnameiri njóti á meðan allur þorri bæjarbúa situr eftir með sárt ennið.

Flugeldaskúrinn og Vinstri grænir

Ragnheiður Ríkharðsdóttir
Bæjarfulltrúi og bæjarstjóri

Sent lesendum Mosfellings til upplýsingar

1. Fimmtudaginn 23. mars hafði fulltrúi VG, Ólafur Gunnarsson, samband við bæjarstjóra og spurði hvort flugeldaskúr Björgunarsveitarinnar Kyndils gæti fengið að standa fram á vor því VG hefði áhuga á að hafa þar kosningaskrifstofu. Bæjarstjóri svaraði því til að hann myndi ræða við byggingarfulltrúa.
2. Byggingarfulltrúi lýsti því yfir að fram til þessa hefði stöðuleyfi á miðbæjarsvæði eingöngu verið veitt fyrir flugeldaskúrinn og sölu flugelda og það oftar en ekki tímabundið frá 15. desember til 20 janúar.
3. Bæjarstjóri og byggingarfulltrúi tóku þá ákvörðun samdægurs þ.e. 23. mars að tilkynna fulltrúa VG, Ólafi Gunnarssyni, að heimild yrði ekki veitt fyrir stöðuleyfi flugeldaskúrsins á miðbæjarsvæði til annarra nota en

sótt var um af hálfu Björgunarsveitarinnar Kyndils.
4. Byggingarfulltrúi tilkynnti fulltrúum Björgunarsveitarinnar Kyndils þessa ákvörðun þann sama dag þ.e. 23. mars
5. Fimmtudagskvöldið 23. mars kl. 23:47 sendir Bjarki Bjarnason bæjarstjóra póst þar sem hann segir að VG hyggist senda bæjarráði beiðni um flugeldaskúrinn standi fram til 28. maí og þá sem kosningaskrifstofa VG.
6. Mánudagskvöldið 27. mars fjarlægðu fulltrúar Björgunarsveitarinnar Kyndils flugeldaskúrinn.
7. Þriðjudaginn 28. mars hringdu blaðamenn Dagblaðsins og Fréttablaðsins í bæjarstjóra og spurðu frétta af umræddum flugeldaskúr.
8. Miðvikudaginn 29. mars birtust fréttir af flugeldaskúrnum í þeim fjölmiðlum
9. Miðvikudaginn 29. mars fór bæjarstjóri ásamt Karli Tómassyni, fyrsta manni á lista VG til bæjarstjórnakosninga 2006 í viðtal á NFS þar sem umræddur flugeldaskúr var fréttaefni.
10. Fimmtudaginn 30. mars var málið tekið fyrir í bæjarráði.
11. Þetta eru staðreyndir málsins fram að 30. mars en málið er til umfjöllunar á bæjarstjórnarfundi þann 12. apríl næstkomandi.

Skólauppbygging í Mosfellsbæ – fjölbreytileiki og valfrelsi

Ragnheiður Ríkharðsdóttir
Bæjarfulltrúi og bæjarstjóri

Í Mosfellsbæ er verið að byggja upp fyrirmyndarsveitarfélag í fallegu bæjarstæði og framundan er gífurleg uppbygging nýrra hverfa sem kalla á nýja leik- og grunnskóla. Fræðslunefnd hefur þess vegna, á undanförnum mánuðum, fjallað um skólamannvirki framtíðarinnar og eru margar spennandi hugmyndir að líta dagsins ljós. Þar er lagt til að byggja leik- og grunnskóla af mismunandi stærðum í ólíkum hverfum. Við Lágafellsskóla á að hefjast handa við byggingu þriðja áfanga, í Helgafellshverfi á að byggja tveggja hliðstæðu grunnskóla og leikskóla á sömu skólalóð og í landi Blikastaða er sömuleiðis lagt til að byggður verði fyrri tveggja hliðstæðu grunnskólinn.

Nýjungar er að finna í tillögum um skólagerð í Krikahverfi en þar verður sambyggður leik – og grunnskóli fyrir aldurshópana 1 – 9 ára og samskonar skólagerð er fyrirhuguð í landi Leirvogstungu. Í þessum skólum tveimur er gert ráð fyrir þeirri tímabæru nýjung að hægt verði að hefja rekstur deilda fyrir yngstu börnin frá lokum fæðingarorlofs fram til leikskólaaldurs.

Valfrelsi og fjölbreytileiki

Samfélag okkar er að breytast hratt og mikilvægt að sveitarfélag taki mið af þeim breytingum þegar það ákveður hvaða skyldur það ætlar að takast á hendur varðandi skólagöngu barna og þjónustu við fjölskyldur almennt. Fleiri leik- og grunnskólar í sveitarfélaginu hafa ýmsa kosti í för með sér t.d. aukna valmöguleika foreldra til að velja á milli skóla. Þó gera verði ráð fyrir að hverfisskólinn verði sá sem verður ríkjandi í vali foreldra þá skiptir miklu máli að hafa frelsi til að velja og það geta foreldrar í Mosfellsbæ enn frekar en nú í náinni framtíð.

Krikaskólinn mun t.d. bjóða foreldrum í Mosfellsbæ sérstaklega upp á val, því þar er gert ráð fyrir fleiri leikskólaplássum og grunnskólanemendum en hverfið sjálft gefur af sér. Þar er einnig gert ráð fyrir samspili leik- og grunnskóla sem er beint framhald þróunarvinnu 5 ára deilda við grunnskóla og þar hefur Mosfellsbær tekið forystu á landsvísu við að þróa ábyrgar uppeldis- og skólalegar lausnir.

Þegar litið er til fjölbreytileika þá getur hann vissulega endurspeglast í innra starfi og vinnubrögð verið með ýmsum hætti innan sömu stofnunar. Fjölbreytileiki getur líka legið í mismunandi forsendum sem skólar setja sér. Þannig eru Lágafellsskóli og Varmárskóli mismunandi og engan veginn eins og flestir líta á það sem kost í dag. Sama gildir um leikskólana okkar. Breytileiki milli leikskóla er meira áberandi, heldur en að innan hvers leikskóla séu breytilegar forsendur.

Fjölbreytileiki kallar einnig á samanburð og vilja til að færa jákvæða reynslu einnar stofnunar yfir á næstu. Þannig mun samkeppni og samanburður ýta með jákvæðum hætti undir þróun og breytingar í átt að aðlögun að því samfélagi sem foreldrum er búið í dag. Hér að framan er gerð örstutt grein fyrir því sem framundan er í uppbyggingu leik – og grunnskóla í Mosfellsbæ. Meirihluti sjálfstæðismanna stóð að þeirri samþykkt í bæjarstjórn þann 29. mars s.l. en minnihlutinn lagði til að í stað þess að byggja Krikaskóla þá yrði hafist handa við að byggja grunnskóla á óskipulögðu svæði Sólvalla. Þar birtist nú aftur gamli bútasaumshugsunarháttur þeirra, byggja fyrst og skipuleggja síðan.

Framundan eru spennandi tímar í ört stækkandi sveitarfélagi því skiptir máli að huga að fjölbreytileika og valfrelsi á flestum sviðum. Hvað finnst þér ágæti Mosfellingur, vilt þú hafa val?

Tekið er við aðsendum greinum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is

MOSFELLINGUR Frjálst og óháð bæjarblað

Dekur á sólbaðstofunni

Komdu á sólbaðstofuna og láttu okkur dekra við þig

Við bjóðum uppá nudd, bowen, heilun og slökun, naglaásetningu, ósonklefa og margt fleira.

OPNUNARTÍMAR YFIR PÁSKA

13. apríl, skírdag, opið 12-18
14.-17. apríl lokað

Starfsfólk Sólbaðstofunnar óskar Mosfellingum gleðilegra páska.

Sólbaðstofa Mosfellsbæjar

Þverholt 5 - Sími 5668 110

Stuðningur vegna kosninga

Ragnheiður Rikharðsdóttir bæjarstóri, lagði fram tillögu fyrir bæjarráði þann 23. mars síðastliðinn að þeir flokkar sem bjóða sig fram til bæjarstjórnakosninga fá 1.6 millj. króna til stuðnings framboða sinna. Tillagan var samþykkt með tveimur atkvæðum og því koma flokkarnir fjórir til með að skipta þessari fjárhæð á milli sín og nýta í kosingarherferðir sínar.

Nauðlending í Mosfellsdal

Lítil, eins hreyfils og fjögurra sæta flugvél nauðlenti á túni við bæinn Víði í Mosfellsdal 2. apríl. Vélin var á leiðinni frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur þegar gangtruflanir gerðu vart við sig og leiddu til fyrrnefndrar nauðlendingar. Einn karlmaður og tvær konur voru í vélinni. Þau voru flutt á slysadeild en meiðsli voru minniháttar. Vélin skemmdist að framan og brotnaði nefhjólið við lendinguna. Farþegar voru skelkaðir eftir atburðinn og var boðin áfallahjálp.

Gervigrasvöllur við Varmá – hvers vegna og fyrir hverja?

Yfir 1000 börn og ungmenni æfa samtals níu íþróttagreinar hjá Aftureldingu. Núverandi æfingaaðstaða samanstendur af þremur íþróttasölum, karatesal, sundlaug, Varmárvelli og litlum gervigrasvelli á veturna og auk knattspyrnuvalla á Tungubökkum á sumrin. Á aðalfundi Aftureldingar var samþykkt ályktun um skort á aðstöðu og nauðsyn stefnumótunar, þarfagreiningar og úrbóta í aðstöðumálum félagsins. Formaður ræddi á þeim tíma málið við bæjarstjóra og kynnti helstu áhersluatriði.

Í lok september 2005 fékk aðalstjórn Aftureldingar ráðgjafa til liðs við sig við greiningu á núverandi aðstöðu félagsins og fyrirsjáanlega þörf á næstu árum. Unnið var að stefnumótun í mannvirkjamálum Aftureldingar í vinnuhóp sem samanstóð af aðalstjórn og öllum formönnum og framkvæmdastjórum deilda félagsins. Tekið var mið af þeim fjölda sem nú stundar íþróttir hjá félaginu og þeirri aukningu sem búast má við á næstu árum. Í greiningarvinnunni kom berlega í ljós að flestar deildir félagsins eru nú þegar að sprengja utan af sér þá aðstöðu sem í boði er í dag. Hafa sumar deildir jafnvel þurft að leita út fyrir bæjarfélagið eftir fullnægjandi æfingaastöðu svo ekki sé minnst á að heimaleikir í knattspyrnu hafa ekki verið haldnir í Mosfellsbæ á vorin heldur hefur þurft að kaupa aðstöðu utanbæjar.

Einróma niðurstaða greiningarhópsins var að yfirbyggður gervigrasvöllur í fullri stærð með aðstöðu til frjálsíþróttaæfinga myndi stórbæta aðstöðu allra deilda félagsins. Með því myndi losna um þá tíma sem í dag eru til æfinga knattspyrnu- og frjálsíþróttadeilda í íþróttahúsinu og þannig gætu aðrar deildir tekið við fyrirsjáanlegri aukningu iðkenda. Einnig var lögð áhersla á að Varmársvæði tengt Tungubökkum yrði skilgreint sem íþróttasvæði og þar með félags- og æfingasvæði Aftureldingar. Einnig að félags- og fundaaðstaða

yrði bætt, en hún er mjög lítil í dag. Mörg önnur brýn mál koma fram í greiningarskýrslunni sem var í október afhent bæjaryfirvöldum.

Bæjaryfirvöld tóku málinu vel og í nóvember boðaði bæjarstjóri aðalstjórn Aftureldingar og formenn deilda til samráðsfundar þar sem tillögur félagsins voru ræddar og bæjarstjóri gerði grein fyrir hvaða framkvæmdir stæðu til á vegum bæjaryfirvalda í íþróttamannvirkjamálum. Þar komu fram hugmyndir um gervigrasvöll og viðbyggingu við íþróttahús og var lögð áhersla á að mæta þörfum félagsins. Í framhaldi af þessum fundi hafa fulltrúar Aftureldingar og bæjaryfirvöld unnið sameiginlega að undirbúningi málsins og möguleikar á staðsetningu gervigrasvallar skoðaðir. Var tekið vel í þá hugmynd frá Aftureldingu að stefna að því að byggja yfir gervigrasvöllinn og ákveðið að ganga út frá því við staðarval, hönnun og gerð vallarins.

Í febrúar 2006 voru fulltrúar aðalstjórnar og knattspyrnudeildar Aftureldingar boðaðir á kynningarfund hjá bæjaryfirvöldum þar sem verkfræðileg úttekt á stærð og staðsetningu vallarins var kynnt. Á þeim fundi kom fram almenn ánægja með byggingu vallarins og staðsetningu hans á á Varmársvæðinu.

Samhliða var sett af stað annað samvinnuverkefni Aftureldingar og bæjaryfirvalda sem er þarfagreining og hönnun á tengibyggingu framan við íþróttahúsið við Varmá sem mun hýsa skrifstofur og félagsaðstöðu Aftureldingar auk búningsaðstöðu fyrir íþróttavelli á Varmársvæði. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við hana hefjist á árinu 2007 og verði lokið á árinu 2008. Sú vinna er komin vel á veg.

Gervigrasvöllur í fullri stærð mun stórbætakeppnisaðstöðuknattspyrnudeildar sem er að sjálfsögðu hið besta mál. En meginmálið er að slíkur völlur mun fyrst og fremst gegna hlutverki bættrar æfingaaðstöðu barna og unglinga í Mosfellsbæ. Þá staðreynd þarf að hafa í huga þegar rætt er um staðsetningu vallarins. Staðsetning gervigrasvallar tekur mið af því að hægt sé að nýta nýja búningsaðstöðu íþróttahússins og samræmist ályktun aðalfundar um að Varmársvæðið verði áfram þungamiðja íþrótta í Mosfellsbæ.

Við í Aftureldingu mælumst til þess að bæjaryfirvöld hefjist handa án tafar við byggingu gervigrasvallar við Varmá og stefni að yfirbyggingu hans eins fljótt og auðið er. Eins og áður segir mun sú framkvæmd ekki eingöngu koma sér vel fyrir knattspyrnu- og frjálsíþróttafólk heldur fyrir félagið í heild. Brýnt er að fara í þetta verkefni strax og dapurt ef settur er steinn í götu þess.

Elísabet Guðmundsdóttir
formaður aðalstjórnar Aftureldingar

Erna Reynisdóttir
framkvæmdastjóri aðalstjórnar Aftureldingar

Hugvekja frá lögreglu

Nú fer daginn að lengja og margur ökumaðurinn gleymir sér og bensínfóturinn verður þyngri. Það er einmitt það sem við þurfum að varast því með hækkandi sól fer gangandi vegfarendum fjölgandi. Einkum fer smáfólkið á stjá og tekur fram hjólin sín. Þessi litlu kríli skjótast svo um allt og ökumenn verða að vera á varðbergi.

Annars gengur lífið sinn vanagang og menn brosa með hækkandi sól.

Karl Hjartarson,
lögreglumaður.

Kærar þakkir

Lífið er stundum óútreiknanlegt. Einn daginn erum við hress og glöð næsta dag með saklaus veikindi sem verða að einhverju svo miklu meira vegna röð aðstæðna sem enginn sá fyrir. Viðkomandi er kippt út úr daglegri rútínu eins og að fara í skólann á morgnana. Vikurnar líða, enginn skóli, aðeins veikindi og þróttleysi og alltaf styttist í samræmdu prófin. Það er hringt í skólann og veikindi eru tilkynnt. Þegar tvær vikur eru liðnar er talað við Helgu Richter og er okkur boðin öll sú hjálp sem skólinn getur veitt. Ekkert vandamál. Þegar veikindin eru að mestu yfirstaðin koma kennarar og kenna heima. Þetta finnst okkur frábært. Fyrir þetta viljum við þakka og gerum við það hér og nú. Kærar þakkir til starfsfólks Varmárskóla fyrir að reynast svona vel.

Ásta Björg Björnsdóttir
Andrés Þórarinsson

Bingóball

Miðvikudagskvöldið 12. apríl

Til styrktar CP samtökum Íslands

Bingóið hefst kl. 22

Stórglæsilegir vinningar!

Dúettinn Hljómur heldur síðan uppi stuðinu langt fram eftir nóttu

Spjaldið kostar 500 kr.

FRÍTT INN

Boltinn í beinni

Þráðlaust net

Munið pizza pizza tilboðið

Drauma Kaffi

CP stendur fyrir heilalömun

Sumarstörf 2006

Mosfellsbær auglýsir eftirtalin sumarstörf laus til umsóknar:

Leiðbeinendur Vinnuskóla Mosfellsbæjar:

Störf yfirflokksstjóra, flokksstjóra og starfsmanns í umhverfisfræðslu sem jafnframt er umsjónarmaður skólagarða.
Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af stjórnun og reynslu af almennum ræktunarstörfum.
Lágmarksaldur er 20 ár.

Nánari upplýsingar veitir Atli V. Bragason, tómstundafulltrúi í síma 566-6058 milli kl. 11-12.

Störf í íþrótta- og tómstundaskóla Mosfellsbæjar (sumarnámskeið):

Hópstjórar, stuðningsfulltrúar og almennir starfsmenn til að hafa umsjón með og leiðbeina börnum í skólanum. Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af starfi með börnum.

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Guðmundsson, íþróttafulltrúi í síma 566-6754 milli kl. 11-12.

Störf í þjónustumiðstöð og garðyrkjudeild:

Störf verkamanna við garðyrkju og almenn verkamannastörf.

Nánari upplýsingar veitir Þorsteinn Sigvaldason, deildarstjóri tæknideildar og Oddgeir Þór Árnason, garðyrkjustjóri í síma 566-8450 virka daga kl. 11–12.

Starf í umhverfisdeild:

Starf við skönnun teikninga og innskráningu á gögnum í landupplýsingakerfi. Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi lokið stúdentsprófi frá raungreinadeild eða í tækniteiknun. Gæti hentað nemum sem lokið hafa fyrsta ári í verk- eða tæknifræði. Góð tölvukunnátta nauðsynleg. Nánari upplýsingar gefur Tryggvi Jónsson, bæjarverkfræðingur og Ásbjörn Þorvaðarson byggingafulltrúi í síma 525-6700 virka daga milli 11-12.

Umsóknareyðublöð fyrir ofangreind störf liggja frammi í þjónustuveri Mosfellsbæjar á jarðhæð, Þverholti 2. Umsóknum skal skilað á sama stað. Einnig er hægt að sækja um störfin á heimasíðu Mosfellsbæjar www.mos.is. / umsóknareyðublöð.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Mosfellsbæjar og Launanefndar sveitarfélaga. Umsækjendur skulu vera fæddir 1989 eða fyrr.

Umsóknarfrestur er til og með 21. apríl nk.

Vopnað rán á ESSO við Háholt

Starfsfólki bensínstöðvarinnar Esso brá heldur í brún rétt fyrir miðnætti þann 26. mars síðastliðinn. Inn æddi grímuklæddur maður og heimtaði peningana úr afgreiðslukassanum og sagðist vera vopnaður hnífi. Hann hrifsaði til sín á milli 50 til 60 þúsund krónur og hljóp út í bíl sem beið hans fyrir utan. Um klukkustund síðar voru þrír karlmenn handteknir í Hafnarfirði og þar fannst hluti þýfsins. Allir mennirnir þrír hafa áður komið við sögu lögreglu. Starfsfólki Esso var boðin áfallahjálp eftir þennan hræðilega atburð.

Framhaldsskóli væntanlegur

Nú er svo komið að það styttist óðum í að hér rísi framhaldsskóli. Þó eru skiptar skoðanir á því hvar hann eigi að vera staðsettur. Í aðaldeiliskipulagi Mosfellsbæjar á skólinn að vera staðsettur nálægt bæjarmörkum við Reykjavík. Bæjarfulltrúi Samfylkingar kom þó með tillögu á bæjarráðsfundi 23. mars að skólinn ætti frekar að vera nærri miðbænum vegna þess að sú staðsetning komi til með að efla og auka mannlífið á jákvæðari nótum.

Ferðamál í Mosfellsbæ

Bjarki Bjarnason

Formaður VG í Mosfellsbæ skrifar um ferðamál

Fögur fyrirheit

Þegar sjálfstæðismenn komust til valda hér í Mosfellsbæ fyrir fjórum árum lögðu þeir niður starf atvinnu- og ferðamálafulltrúa. Sú ákvörðun var eðlileg hvað ferðamálafulltrúann varðaði því hann var í raun verkefnalaus. Hinn nýi meirihluti hafði enga heildarstefnu í ferðamálum og því var ekki ástæða til að hafa starfsmann á launum við að framfylgja stefnu sem var ekki til.

Þó er rétt að nefna að D-listinn gaf fögur fyrirheit um ýmislegt sem tengist ferðamálum, beint eða óbeint. Þau loforð hafa hins vegar meira eða minna reynst vera reykur og gufa. Nægir þar að nefna Laxnesssetur, menningarhús, sögusafn, smábátahöfn, paradís fyrir vatnaíþróttir við Hafravatn og nýjar hugmyndir að fræðsluskiltum.

Möguleikar Mosfellsbæjar

Vinstri-grænir í Mosfellsbæ telja að möguleikar bæjarins í ferðamálum séu miklir og við viljum nýta þá mun betur en nú er gert. Styrkur Mosfellsbæjar sem ferðamannastaðar liggur í fjórum þáttum að okkar áliti:

1. 1100 ára byggðarsaga Mosfellsbæjar er saga landbúnaðarsamfélags sem breyttist í þéttbýlisstað. Slíkt hefur auðvitað gerst mjög víða á Íslandi en Mosfellsbær hefur hins vegar þann kost fram yfir mörg önnur sveitarfélög að hér er aragrúi af alls konar minjum og mannvistarleifum frá öllum skeiðum Íslandssögunnar. Nægir þar að nefna fornmannahauga, seljarústir, sæluhús, grjóthlaðnar refagildrur, þjóðbrautir, gamlar fjárréttir og stríðsmannvirki. Allt þetta og meira til styrkir ferðamennsku í sveitarfélaginu svo um munar.
2. Margt í sögu Mosfellsbæjar hefur mikið sögulegt gildi á landsvísu og er þess vegna áhugavert fyrir ferðamenn. Hér dvaldi Egill Skallagrímsson í elli sinni, hér var fyrsta gróðurhús á Íslandi reist, á Álafossi stóð vagga ullariðnaðar og hér bjó Halldór Laxness, svo aðeins örfá dæmi séu nefnd.
3. Í Mosfellsbæ fer saman dreifbýli og þéttbýli með áhugaverðum hætti og hér eru óþrjótandi möguleikar til gönguferða. Í sveitarfélaginu er líka fjölbreytt landslag, allt frá strandlengju Leiruvogs upp á miðja Mosfellsheiði. Heiðin er heillandi landsvæði og VG-Mos vill kanna þá möguleika í samvinnu við nágrannasveitarfélögin að Mosfellsheiði verði viðurkennd sem fólkvangur.
4. Í Mosfellsbæ gefur nábýlið við höfuðborgarsvæðið ákveðin sóknarfæri í ferðamennsku. Þar býr til dæmis meirihluti íslenskra skólanemenda og þeir eru líka ferðamenn. Leiðin í gegnum bæinn er hluti af svonefndum Gullna hring sem flestir erlendir ferðamenn fara – að vísu án þess að stansa hér, en því viljum við breyta.

Sveitarfélagið og ferðamálin

En hvað getur sveitarfélag eins og Mosfellsbær gert til að sinna ferðamálum? Það er mjög margt og Vinstri-grænir vilja að bæjarfélagið taki kynningarmálin í sínar hendur í samvinnu við ferðaþjónustuaðila í bænum. Það er ekki nóg að segja að við eigum fjölbreytta og ósnortna náttúru og áhugaverða sögu. Það þarf að vinna skipulega og faglega að öllum kynningarmálum því í ferðamennsku ríkir mikil samkeppni milli sveitarfélaga og landshluta. Hér þarf til dæmis að útbúa kort yfir gönguleiðir, reiðleiðir, sögustaði og minjar, setja upp fleiri fræðsluskilti og vinna að friðun á einstökum náttúruperlum og sögulegum minjum.

Í starfi mínu sem leiðsögumaður um Ísland í tvo áratugi hef ég meðtekið þær geysimiklu breytingar sem orðið hafa á þessu sviði um allt land. Einkaaðilar og sveitarfélög hafa tekið höndum saman og gerbreytt ímynd heilu byggðarlaganna. Nýjasta dæmið er úr Reykjanesbæ þar sem bæjaryfirvöld eru í fararbroddi þeirra sem vilja koma sinni heimabyggð enn frekar á kortið. Í þessum efnum hafa núverandi yfirvöld í Mosfellsbæ hins vegar brugðist.

Ekki þarf að tíunda þau margfeldisáhrif sem aukinn ferðamannastraumur hefur í för með sér. Í skjóli ferðamennskunnar blómgast alls konar atvinnu- og þjónustustarfsemi. Ferðamannaiðnaður er besta leiðin til að efla atvinnulíf í Mosfellsbæ.

Hann styrkir einnig alla ímynd bæjarins, bæði í augum gesta og heimamanna.

Brúarland

Vinstri-grænir vilja gera gamla skólahúsið á Brúarlandi að upplýsingamiðstöð ferðamála í Mosfellsbæ. Það var teiknað af Guðjóni Samúelssyni og er eitt elsta og sögufrægasta hús sveitarinnar. Brúarlandshúsið stendur í hjarta bæjarins og í alfaraleið, að mestu leyti autt og ónotað og bíður örlaga sinna.

VG vill einnig setja á stofn sögusafn í Brúarlandi en slíkt safn er eitt af kosningaloforðunum sem sjálfstæðismenn gleymdu. Þar ætti að segja sögu sveitarfélagsins með margmiðlunartæknina að vopni. Búið er að vinna slíkt efni um fornleifauppgröftinn í Mosfellsdal og gæti það orðið hluti af slíkri sýningu. Hún myndi höfða til miklu fleiri en þeirra sem hafa einungis áhuga á sögu Mosfellsbæjar því með nokkrum rétti má segja að saga sveitarinnar sé í hnotskurn saga íslensku þjóðarinnar í 1100 ár.

Í túninu heima

Nokkuð hefur verið ritað og rætt um leiksvæði bæjarins og framtíðarnotkun þeirra. Á undanförnum árum hafa hefðbundin leiktæki verið endurnýjuð á flestum leiksvæðunum, þ.e. rólur, vegasölt og rennibrautir. Stór leiksvæði eins og við Brekkutanga, Barrholt, Víðiteig og Lindarbyggð eru í hönnunarferli, endurskoðun með tilliti til fjölbreyttrar notkunar fyrir bæjarbúa. Þessi stóru leiksvæði eru kjörin til útivistar og samverustunda fyrir fjölskylduna. Þær hugmyndir sem eru uppi eru að gera svæðin vinalegri með gróðri, bekkjum og borðum ásamt spennandi afþreyingartækjum fyrir börn og unglinga. Þegar hönnunarferlinu er lokið mun umhverfisnefnd Mosfellsbæjar forgangsraða framkvæmdum, en til framkvæmda þetta árið er 2.500.000 kr.

Það er ljóst, að það mun taka nokkur ár að endurskipuleggja og framkvæma þær breytingar á leiksvæðunum eins og við viljum hafa þau, en þau eru í dag 27 talsins. Það má með sanni segja að betra væri að hafa færri en stærri leiksvæði sem hefðu mikið aðdráttarafl vegna spennandi leiktækja og gróðurlunda með bekkjum og borðum. Skóla- og leikskólalóðir eru ekki taldar með í þessu dæmi, en þar eru einnig spennandi leiktæki og fleira.

Kröfur okkar til bæjarfélagsins um nánasta umhverfi, hreinsun, sláttur, götur og gangstéttar eru oft og tíðum ekki raunhæfar. Hvaða kröfur gerum við til okkar sjálfra? Ég var á ferðinni hjá skólabróður mínum sem er garðyrkjustjóri í Helsingör í Danmörku og varð hrifinn af framtaki íbúanna í bæjarfélaginu. Allir íbúarnir sem áttu lóð að gangstétt eða göngustíg klipptu reglulega sitt limgerði og sópuðu gangstéttina og hreinsuðu göngustíginn. Allir sem einn klipptu þeir limgerðið á lóðarmörkum, engum datt í hug að sleppa því.

Það er líka skelfilegt hér í Mosfellsbæ, að sjá yfirfullar ruslatunnur bæjarbúa og ruslið (sorpið) fjúkandi út um allt. Við verðum að taka okkur á í þessum efnum. Það væri eðlilegt, að sorphirðumennirnir létu þær tunnur vera sem væru yfirfullar af sorpi. Þá fyrst færu kannski slóðarnir að hugsa.

Fyrirtæki sem eru í og við miðbæjarsvæðið verða að vera til fyrirmyndar og taka sig á í þessum efnum, en staðan eins og hún er í dag er ekki ásættanleg.

Mosfellsbær er fallegur bær og hér er gott að búa í nágrenni við náttúruna og fellin í kring. Við sættum okkur ekki við sóðaskap af neinu tagi, hnippum í nágrannann og bendum honum góðfúslega á það sem betur má fara, sé þess þörf.

Oddgeir Þór Árnason

Lífslind

Heilsulindin þín í Mosfellsbæ

Við bjóðum upp á:

Detox-afeitrun fyrir líkamann	Kynningartilboð **kr 2.990-**	
Strada kynningartilboð	10 tímar **kr 9.500-** 20 tímar **kr 14.500-**	
Hómópati-smáskammtalækningar	Bylgja Matthíasdóttir	
Hómópatisk meðferðarvél	Sigrún Arnardóttir	S:863-6848
Höfuðbeina-og spjaldhryggsjöfnun	Hafdís Óskarsdóttir	S:661-6722
Svæðameðferð og heilun	Gunnvör Björnsdóttir	S:820-0878
Nudd	Benedikt Bjarnason	S:867-1291

Erum með ilmolíu-brennara og reykelsi í stykkjasölu.
Skoðið heimasíðu okkar til að fá frekari upplýsingar. ***www.lifslind.is***

Lífslind heilsu-og gjafavöruverslun, Háholti 14, 270 Mosfellsbæ
Sími:586-8883 Gsm:699-0526

Verið velkomin

Starfmaður óskast í mötuneyti KB banka í Mosfellsbæ.

Við óskum að ráða snyrtilega og röska manneskju sem er vön matreiðslu.

- Starfið felst í innkaupum
- Matreiðslu á léttum mat
- Uppvaski og frágangi

Um er að ræða hálft starf alla virka daga.
Vinnutími er frá kl. 10.00 - 14.00.

Nánari upplýsingar gefur Ragnar Örn Steinarsson í síma 860 4166 eða ragnarst@kbbanki.is.

Umsóknir berist til KB banka, Þverholti 1, 270 Mosfellsbæ eigi síðar en mánudaginn 10. apríl nk., merkt „**Mötuneyti**".

KB BANKI

Þórarinn Eggertsson gerir það gott í eldhúsinu

Meðal þeirra bestu

Mosfellingurinn Þórarinn Eggertsson vann titilinn Matreiðslumaður ársins 2005. Hann keppti því fyrir Íslands hönd í Norðurlandakeppni Matreiðslumanna sem fram fór í Smáranum 1. apríl. Þórarinn náði þeim glæsilega árangri að hafna í öðru sæti og getur því unað sáttur við sitt. Mosfellingur óskar Þórarni til hamingju með frábæran árangur en blaðið sendi Magnús Má blaðamann á staðinn til að skoða málið rétt fyrir keppni.

Þórarinn Eggertsson hlaðinn viðurkenningum fyrir árangur sinn í matreiðslukeppnum

Tóti einbeittur við æfingar

Keppnisdiskurinn sem innihélt m.a. lamb og héra.

Lokahöndin lögð á meistaraverkið

Ég leit til Þórarins eða Tóta, eins og hann er kallaður, á Grillið rétt fyrir keppni til að sjá hvernig undirbúningur gengi og að bragða á því sem að hann ætlaði að bjóða upp á í keppninni. Fyrsti rétturinn var humarfylltur hvítlax og saltfisk terrine með kremaðri skelfisksósu, einstaklega bragðgóður réttur sem fékk mann til að kikna í hnjánum. Eftir þessa rosalegu lendingu kom að aðalréttinum sem var íslenska lambið ásamt dönskum héra borið fram með ætiþistla kartöflum, mórillum og madeira sósu. Algerlega ógleymanlegt. Til að enda þessa fullkomnu máltíð kom skyrkaka og skyrsorbet með heitu multuberjasoufflé sem var eins og flugeldasýning fyrir bragðlaukana einstaklega vel heppnuð blanda. Þessi máltíð verður seint toppuð. Ég tók stutt spjall við Tóta eftir æfinguna til að sjá hvernig landið lægi hjá kapanum og hvernig hann væri stemmdur.

Hver er svo þessi Tóti ?

Ég er 26 ára matreiðslumaður fæddur og uppalinn í Mosó, fór að læra kokkinn á Hótel Sögu, útskrifaðist þaðan árið 2000 og starfaði þar í eitt ár eftir það. Fór síðan til Brussel í Belgíu á stað sem heitir Seagrill og vann þar í tvö ár, en er kominn aftur á Grillið í dag.

Hver er uppáhalds maturinn þinn ?

Maturinn henar mömmu, engin spurning

Ertu búinn að æfa mikið?

Já, mest allur frítími hefur farið í þetta síðastliðna tvo mánuði, svo fór líka rosalega mikill tími í alla hugmyndavinnu og uppsetningar.

Úr hvaða hráefni finnst þér skemmtilegast að elda?

Það mun vera fiskur, það reynir mest á mann að elda góðan fisk.

Hvað fékk þig til að fara að læra kokkinn?

Það eru klárlega heimilisfræðitímarnir hjá Möllu sem er minn helsti áhrifavaldur í dag. Hún kenndi mér allt sem ég kann.

Ertu hlyntur núverandi bæjarstjórn?

Jú jú, því ekki? Ragga Rikk er mín kona, blátt áfram...

Ef þú fengir tækifæri til að vera einhver annar en þú ert í einn dag hver yrði þá fyrir valinu?

Það mun klárlega vera hann Svanni á Pizzabæ, þá fengi maður tækifæri til að elda góðan mat alla daga.

Hvað er það fyrsta sem þér dettur í hug þegar þú hugsar um Mosó ?

Það er Ísmynd og svo nátturlega gamli góði Kjuðinn.

Ertu kominn með einhver framtíðarplön?

Bara að klára þessa keppni, svo er ég að fara að vinna á Hótel Borg sem yfirmatreiðslumaður. Á nýjum veitingastað sem opnar þar von bráðar...



Maggi 270
með puttana í pottunum

MOSFELLINGUR á netinu
www.mosfellingur.is



Það tók okkur 2 ár að finna draumalandið en aðeins 30 mínútur að fjármagna kaupin

Það er bara einn þeirra fjölmörgu kosta sem ég nýt í Vörðunni.

Það hefur sannarlega sína kosti að vera í Vörðunni, vildarþjónustu Landsbankans. Við berum traust til viðskiptavina okkar og leyfum þeim að njóta ávinnings af því með fyrirgreiðslu og auknum sveigjanleika til að haga lífi sínu að vild.
Það gerum við meðal annars með því að auðvelda Vörðufélögum lántöku á betri kjörum.

Njóttu þess að vera í Vörðunni

Þráðlaust net á Draumakaffi

Nú er loksins hægt að fara á kaffihús hér í bæ og vafrað á netinu yfir kaffibolla eða öðrum veitingum. Draumakaffi er fyrsti veitingastaðurinn í bænum sem býður kúnnum sínum upp á ókeypis nettengingu. Hægt er að mæta þangað með fartölvuna, ferðast út um allan heim og látið draumana rætast. Að sögn Guðmundar Ármannssonar og Ingunnar Bergþórsdóttur, eigenda Draumakaffi, hefur fólk tekið afar vel í nýbreytnina og markmiðið með þessu er að auka þjónustu fyrir bæjarbúa.

Myndband frá þemadögum

Vegna þemadaga, sem haldnir voru 28. febrúar til 1. mars í Varmárskóla, bjuggu nemendur í eldri deild skólans til vídeómyndband þar sem farið er yfir helstu atburði þemadagana. Þemað var að þessu sinni söngleikir eins og áður hefur komið fram í Mosfellingi. Hægt er að horfa á myndbandið á vef skólans www.varmarskoli.is.

Veistu svarið?

1 Hvað heitir kór eldri borgar í Mosfellsbæ?

2 Hver nam land milli Leirvogsár og Korpu á landnámsárunum?

3 Hvaða ár var Álafossullarverksmiðjan reist?

Svör: 1. Vorboðarnir 2. Þorður Skeggi. 3. 1896

Sögukornið

Friðrik G. Olgeirsson
rifjar upp gamla tíma úr sveitinni

Gullæðið í Mosfellssveit

Ef ég man rétt voru um það fréttir í blöðunum fyrir nokkrum vikum að einhverjir menn ætluðu að fara grafa eftir gulli í Þormóðsdal. Þar sem nú er rétt öld síðan fyrst var byrjað að tala um gullvinnslu í Mosfellssveit er ekki úr vegi að rifja þá sögu upp í stuttu máli.

Á ofanverðri 19. öld fór Íslendingur að nafni Steingrímur til Ástralíu að freista gæfunnar. Þá var þar mikið gullæði og fyrr en varði var Steingrímur búinn að finna gull og orðinn vel efnaður. Árið 1909 kom hann heim og dvaldist um tíma hjá frændfólki sínu í Miðdal í Mosfellssveit. Þá sýndu Guðmundur og Tryggvi Einarssynir honum steina sem þeir höfðu fundið hjá Seljadalsá. Ef þeim var nuddað saman glampaði ljós frá þeim og því kölluðu strákarnir þá draugasteina. Karlinn skoðaði steinana í tæki sem hann var með og sá að þetta var kvarz og meira að segja svokallað gullkvarz. Steingrími gamla fór senn að leiðast í Miðdal, fannst hann ekkert mega gera, ekki einu sinni drepa menn eins og gullleitarmenn máttu gjarnan gera í Ástralíu. Fór hann því aftur þangað á vit ævintýra. Innan tíðar bárust þau skilaboð frá honum að gullið í Miðdalskvarzinu nægði til vinnslu. Greinilega hefur Steingrímur haldið þessu á lofti ytra því nokkru seinna komu Englendingar hingað upp og vildu fá að kanna landareign Einars H. Guðmundssonar í Miðdal. Komu þeir með mannskap með sér og byrjuðu að grafa prufunámur og byggðu skúr fyrir hafurtask sitt. Voru þeir að verki í nokkur ár með hléum og sendu sýnishorn til útlanda. Þegar fyrri heimsstyrjöldin skall á var þessum athugunum hætt.

Miðdalur í Mosfellssveit árið 1910

Eftir stríðið keypti Einar Benediktsson skáld hálfa Miðdalsjörðina. Hafði hann þá heyrt gullsögur og vildi freista gæfunnar. Hóf hann þegar að reyna fyrir sér á Bretlandseyjum og í Hamborg að finna peningamenn sem vildu leggja fé í rannsóknir og tilraunarekstur. Einari gekk best að eiga við fjármálamenn í Hamborg og árið 1923 var stofnað félag þar í borg til að rannsaka Miðdalsnámuna. Komu menn frá félaginu hingað sama ár með tæki og tól og hófu störf. Annar leiðangur kom árið 1924 og var prófessor Keilhack fyrir þeim hópi. Komst hann að þeirri niðurstöðu að í námunni væru 80–160 þúsund tonn af kvarzgrjóti og að gullið í hverju tonni væri það mikið að vinnsla borgaði sig. Samkvæmt frétt í blaðinu Hamburger Nachrickten átti að ganga endanlega úr skugga um magnið á næsta ári en þá þegar höfðu Þjóðverjar kostað 250 þúsund gullmörkum til rannsókna sinna.

Svo mikla trú hafði Einar Ben á gullvinnslunni að árið 1925 keypti hann helming Einars nafna síns Guðmundssonar og átti þá allan Miðdal. Hann framseldi jörðina þó fljótlega námafélaginu Nordiche Bergwerkkontor. Þegar mest var unnu 20–30 manns við námagröftinn á þriðja áratugnum og var dr. Marburg þá yfirverkfræðingur á staðnum. Mörg tonn af grjóti voru send úr landi en verðlag og ýmsir erfiðleikar í Þýskalandi höfðu áhrif á gang mála. Með hléum var verið að rannsaka námuna fram að seinni heimsstyrjöld en þá var eðlilega hætt við allt saman.

Eftir stríð fóru sumir Þjóðverjanna enn af stað og vildu vinna gull í Miðdal en til að gera langa sögu stutta höfðu þeir aldrei erindi sem erfiði. Fleiri aðilar hafa sýnt gullvinnslu þar og í Þormóðsdal áhuga en fram að þessu hefur engum tekist ætlunarverkið. Sjáum til hvað gerist – aldrei að vita nema gull eigi eftir að finnast í Mosó!

Friðrik G. Olgeirsson
sagnfræðingur

Hrollur hjá Mosverjum

Ævintýrakeppnin Hrollur 2006 var haldin nú á dögunum. Keppnin er árlegur viðburður hjá skátafélaginu Mosverjum og í henni taka þátt unglingar á aldrinum 14-17 ára. Þetta var í þrettánda skiptið sem keppnin er haldin og hún skipulögð af eldri skátum. Farið var að Hafravatni og þar gist í tjöldum föstudagskvöldið og keppnin hófst um laugardagsmorguninn. Keppendur fengu GPS hnit og þurftu að útbúa kort. Síðan þurftu lið að fara á milli staða sem merktir voru á kortið. Keppnin hófst kl. 8.00 og tók það um tíu klst. að fara á milli staða. Aukastig fengust fyrir að gista í tjaldi sem gat reynst erfitt enda napurt á nóttunni um þessar mundir. Þá fengust einnig aukastig fyrir svokallaða sleikjukeppni. Þar reyna keppendur að sleikja upp skipuleggjendur keppnarinnar með ýmsum gjöfum. Sigurvegarar að þessu sinni voru þær Katrín Möller og Jóhanna Kristín Andrésdóttir. Í verðlaun voru gjafabréf frá Útilíf.

Hér er hluti hópsins (nokkrir enn að vinna) að halda af stað frá gatnamótum Reykjavegar og Hafravatnsvegar. Þaðan er gengið að tjaldstæðinu sem er suð-austan við Hafravatn.

Ný heimasíða Aftureldingar

aftureldingar.is

Á aðalfundi Ungmennafélagsins Aftureldingar síðastliðinn fimmtudag var ný heimasíða félagsins opnuð formlega. Í tilefni af því hittum við Ernu Reynisdóttur, framkvæmdastjóra Aftureldingar.



Erna framkvæmdastjóri Aftureldingar og nýja heimasíða félagsins.

Erna, það var heldur betur kominn tími á nýja heimasíðu, er það ekki?

Jú, það er alveg rétt, sú gamla var orðin úrelt og svo voru aðeins örfáir með aðgang til að breyta nokkru inni á henni. Ég hafði t.d. bara möguleika á að skrifa inn fréttir.

Á hvaða hátt er nýja síðan frábrugðin þeirri gömlu?

Nýja síðan er unnin alveg frá grunni í allt öðru vefumsjónarkerfi en sú gamla. Kerfið heitir Idegaweb og er hluti af Felix, félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ. Það er mjög einfalt og þægilegt í notkun.

Nú er síðan búin að vera frekar lengi í smíðum, hvers vegna?

Við í Aftureldingu vorum svo heppin að fá að vera með þeim fyrstu til að taka þetta kerfi í notkun og laga það að okkar þörfum. Við erum með stærstu íþróttafélögum á landinu með viðamikla starfsemi í tíu deildum. Er það ein af ástæðunum fyrir því að við fengum þetta forskot. Kerfið stendur til boða án endurgjalds í gegnum samstarf ÍSÍ, UMFÍ og íslenskra getrauna. Andri Stefánsson sviðsstjóri fræðslusviðs hjá ÍSÍ hefur unnið alla grunnvinnu við hönnun síðna og uppbyggingu vefsins í samvinnu við okkur Örnólf Örnólfsson frá aðalstjórn. Það hefur verið óhemjutímafrekt að hanna vefinn frá grunni, setja upp og safna saman upplýsingum frá tíu deildum. Allan tímann hef ég verið að læra á kerfið og uppsetningu þess en ég hef aldrei komið nálægt svona vinnu áður. Ég tek það samt fram að þetta er afskaplega skemmtileg vinna. Þessi reynsla gefur okkur líka tækifæri á að vinna sjálf við ýmsa þætti kerfisins og ætti að tryggja að vefurinn verði öflugur í náinni framtíð.

Síðan kemur mjög vel út og er stílhrein og fín, hvernig virkar þetta svo, hver sér um viðhald síðunnar og uppfærslur á upplýsingum?

Til að byrja með verð ég með aðalaðganginn en nú þegar hafa deildirnar fengið aðgang til að setja inn fréttir og myndir. Í framtíðinni munu þær fá víðtækari aðang svo ekki þurfi að stóla á eina manneskju með innsetningu allra nýrra upplýsinga. Ég vil einnig koma því á framfæri að allar hugmyndir eru vel þegnar, ekki síst ef fólki finnst einhverjar upplýsingar vanta. Annars erum við bara rétt að byrja, það er heilmikið sem við eigum eftir að bæta við. Okkur fannst það miklar upplýsingar komnar inn á nýju síðuna að hún væri farin að nýtast þó svo að töluvert vanti í að hún verði fullgerð.

Við óskum Aftureldingu til hamingju með nýju síðuna.

Gullmerki Aftureldingar

Á aðalfundi Aftureldingar, sem haldinn var nýlega, veitti Elísabet Guðmundsdóttir formaður Aftureldingar Önnu Gísladóttur gullmerki félagsins fyrir óeigingjarnt og mikið starf hennar í þágu félagsins. Anna hefur verið afar afkastamikil fyrir knattspyrnudeildina til lengri tíma og sá meðal annars um reksturinn á deildinni um tíma. Það er von að fleira fólk fylgi góðu fordæmi Önnu og hjálpi til við að byggja upp afreksfólk í bænum. Mosfellingur óskar Önnu til hamingju með viðurkenninguna.

Silfur á hópfimleikamóti

Stúlkurnar í M-10 úr Fimleikadeild Aftureldingar, urðu í 2. sæti á hópfimleikamóti Gróttu á dögunum Þær eru á aldrinum 7-9 ára og voru að keppa í flokki 11 ára og yngri. Frábær árangur hjá þessum ungu fimleikastelpum Þjálfari þeirra er Sara Heimisdóttir.
Á myndinni má sjá, í efri röð : Kolbrún, Sigurbjörg, Anna, Brynja. Neðri röð: Sigríður Vala, Gréta, Klara, Harpa

Afturelding leikur í íþróttafatnaði frá Jako

NAMO ehf. - Þverholti 2 - Kjarna
S. 566-7310 og 896-0131

Fax: 566-7241
namo@namo.is

JAKO

Til reynslu hjá FC Köbenhavn

Þeir Atli Heimisson og Helgi Þór Guðjónsson, knattspyrnumenn meistaraflokks Aftureldingar, fóru á dögunum út til Danmerkur þar sem þeim hafði verið boðið að æfa með stórliðinu FC Köbenhavn í eina viku og það gæti leitt af sér samningstilboð fyrir þá félagana. Þeir Atli og Helgi voru báðir að spila með 2. flokki í sumar sem og meistaraflokki. Atli var einnig valinn knattspyrnumaður ársins 2005 fyrir glæsta frammistöðu sína síðasta sumar.

Æfingaferð ungra kylfinga á Spáni

Ungir kylfingar á vegum unglingaráðs golfklúbbsins Kjalar fóru í æfingarferð til Spánar. Farið var út þann 25. mars og heimferðin var þann 1. apríl. Alls fóru 17 börn og unglingar ásamt kylfingunum Inga Rúnari Gíslasyni og Sigurpáli Geir Sveinssyni. Þá voru einnig sex foreldrar sem fóru með í ferðina. Haldið var til Matalascanas og þar var æft við frábærar aðstæður.

Mikilvægir leikir framundan

Nú fer að styttast í lok tímabilsins í handbolta. Meistaraflokkur Aftureldingar á eftir að spila þrjá leiki og er hver öðrum mikilvægari í baráttunni við að tryggja sér sæti í úrvalsdeildinni á næsta tímabili. Að sögn fyrirliða Aftureldingar, Hilmars Stefánssonar, verður barist til síðasta blóðdropa og reynt að ná sæti í úrvalsdeildinni. Afturelding tekur á móti KA að Varmá 8. apríl kl. 16.15, spilar við Hauka á Ásvöllum þann 22. apríl og lokaleikur tímabilsins verður á móti Stjörnunni 29. apríl að Varmá. Okkar menn þurfa á stuðningi að halda og hvetur Hilmar bæjarbúa til þess að mæta á völlinn og hjálpa þeim á endasprettinum.

Klúbbastarfsemi Kátakots

Frístundaheimilið í Kátakoti á Kjalarnesi hefur sett af stað klúbbastarf fyrir börnin. Heimilið sér um vistun barna í 1.- 4. bekk á Kjalarnesi og til að byrja með verða þrír klúbbar starfræktir. Þeir eru matreiðsluklúbbur, leiklistarklúbbur og sköpunarklúbbur. Það verður því nóg að gera fyrir börnin á næstunni í frístundaheimilinu.

Dýrindis uppskrift frá Lágafellsskóla

Nú styttist í páskana og 4. bekkur í Lágafellsskóla hefur tekið forskot á hátíðirnar í heimilisfræði. Þau bjuggu til litlar páskagjafir, sem eru litlar kökur sem líta út eins og hreiður með eggjum í. Kökurnar eru afar gómsætar og fyrir þá sem vilja gleðja aðra með gómsætisgjöf þá er uppskriftin eftirfarandi:

Páskahreiður (20-30 stk)
60 gr smjörlíki
100 gr suðusúkkulaði
4 msk sýróp
100 gr kornfleks
40 - 60 súkkulaðiegg eða M&M
hnetur í skraut.
20-30 muffinsform
Börnin pökkuðu svo kökunum fallega inn í sellofan og skreyttu.

Heimsókn á Bessastaði

Forsetinn tók vel á móti eldri borgurunum úr Mosfellsbæ eins og sjá má á myndunum

Eldri borgarar í Mosfellsbæ fóru þann 14. mars síðastliðinn í heimsókn til Bessastaða. Þar hittu þau fyrir forseta Íslands, Ólaf Ragnar Grímsson og eiginkonu hans Dorrit Moussaieff. Forsetahjónin spjölluðu við fólkið og fóru með það í kynningarferð um Bessastaði. Um 60 manns fóru í heimsóknina sem þótti afar skemmtileg og fræðandi.



Skólavefur fyrir unga sem aldna

Fyrirtækið Skólavefurinn.is er staðsett í Kjarnanum í Mosfellsbæ. Þetta fyrirtæki var stofnað árið 2000 af kennurum hér í bæ. Höfuðstöðvarnar voru um tíma í Reykjavík en nú er það komið heim aftur og hefur verið starfrækt á gamla bókasafninu í tæpt ár. Skólavefurinn er alhliða námsvefur sem býður grunnskólum, leikskólum, framhaldsskólum og einstaklingum upp á námsefni og fræðsluefni í margvísilegum búningi. Hægt er að prenta út efni af vefnum, fá hljóðskrár og vídeó þar sem heilu bækurnar eru lesnar inn og hægt að hlusta á þær. Nánast allir grunnskólar á landinu eru áskrifendur, á annað hundrað leikskólar og langflestir framhaldsskólar eru í áskrift. Þá eru á fimmta þúsund heimili með áskrift. Vefurinn nýtist fólki vel í skóla og allar greinar sem kenndar eru í grunnskóla eru teknar fyrir á vefnum og nú til dæmis styttist í samræmd próf og hægt er að nálgast þar, afar góð gögn til þess að hjálpa unglingunum til þess að undirbúa sig fyrir prófin. Skólavefurinn er alltaf að stækka við sig og í sumar á eftir að koma ýmisskonar þrautahefti. Nú þegar hefur verið búin til Sudoku þrautabók og einnig hljóðdiskar. Á hljóðdiskunum eru valdar sögur á borð við Robinson Krúsó, ævintýraheimur H.C. Anderson og sögur eftir stórskáldið Þorstein Erlingsson. Vefurinn er fyrir alla aldurshópa þar sem mikið af eldra fólki sækir í útvarpssögur sem eru lesnar inn á vefinn og nýr kafli settur á vefinn á hverjum degi. Þá verður gefið út lítið tímarit á hverjum miðvikudegi í sumar sem inniheldur sagnfræði, sögur og barnasögur og þrautahefti á hverjum föstudegi.

Ingólfur, Jökull og Birgir eru mennirnir á bakvið Skólavefinn.

Það eru átta starfsmenn sem eru í fullri vinnu hjá vefnum og koma úr öllum áttum. Þar má finna kennara, heimspekinga og tónlistarfólk. Þá eru margir sem eru í lausavinnu og koma þannig að ýmsum verkefnum eins og að lesa inn sögur og búa til efni fyrir vefinn. Efnið á vefnum er komið mestmegnis frá kennurum út um allt land og borgar vefurinn þeim fyrir efni.

Vefurinn er vinsæll og það eru um 4000 heimsóknir inn á vefinn á hverjum degi. Áskrift að honum kostar aðeins 1290 kr. á mánuði og þar er ótrúlegt úrval af góðu efni til fróðleiks, skemmtunar og náms. Það er um að gera að fara á netið og athuga þennan stórmerka vef á slóðina http://skolavefurinn.is.

Brot af því úrvali sem Skólavefurinn.is hefur uppá að bjóða

Páskaegg framleidd úr villibaunasúkkulaði frá Bólivíu

Stórtónleikar í Hlégarði

þann 19. apríl kl. 20:30

Systkinin Ragnheiður og Haukur Gröndal munu flytja sín fallegu ástarljóð.

Einnig mun tríó Reynis Sig skemmta okkur.

Mosfellingar látum þennan viðburð ekki framhjá okkur fara.

Miðaverð 2000 kr.

Forsala á Sólbaðstofu Mosfellsbæjar

Liðveisla

Starf með fötluðum

Fjölskyldusvið Mosfellsbæjar óskar eftir starfsfólki til að sinna liðveislu fyrir fatlaða. Markmið með liðveislu er að rjúfa félagslega einangrun og aðstoða þann fatlaða við að sinna áhugamálum sínum.

Liðveisla er bæði fyrir börn og fullorðna og nú bíða nokkrir einstaklingar eftir að fá liðveislu við hæfi.

Um fjölbreytt hlutastörf er að ræða og vinnutíminn er sveigjanlegur. Algengast er að liðveisla sé unnin seinnipart dags, á kvöldin eða um helgar. Störfin henta því vel fyrir námsmenn eða sem aukavinna.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Mosfellsbæjar og Launanefndar sveitarfélaga.

Áhugasamir hafi samband við Unni Erlu Þóroddsdóttur félagsráðgjafa hjá Mosfellsbæ í síma 525-6700 eða í tölvupósti unnure@mos.is

Wolfgang Amadeus Mozart í tali og tónum

Tónleikar í tilefni 250 ára fæðingarafmælis Mozarts sumardaginn fyrsta kl. 20 á torginu í Kjarna

Á dagskránni eru þekkt söng- og kammerverk Mozarts. Reynir Axelsson stærðfræðingur og ljóðaþýðandi fylgir dagskránni úr hlaði og segir sögur af afmælisbarninu.

Flytjendur eru:
Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanóleikari
Bryndís Halla Gylfadóttir, sellóleikari
Helga Þórarinsdóttir, víóluleikari
Kristjana Helgadóttir, flautuleikari
Sigrún Eðvaldsdóttir, fiðluleikari
Sigrún Hjálmtýsdóttir, sópran

Miðaverð kr. 1500 og 1000 fyrir námsmenn og eldri borgara

Tónlistarfélag Mosfellsbæjar

Stjörnuferðin

Helgina 31. mars til 2. apríl fóru fríðir þátttakendur stjörnuleik Bólsins í lokaferð sína til Akureyrar. Ferðin var stórskemmtileg og mjög vel heppnuð í alla staði. Gist var í Oddeyrarskóla og var hægt að gera margt á eyrinni. Farið var á hlaðborð bæði kvöldin, fyrra kvöldið á Peng's, sem er austurlenskur veitingastaður og seinna kvöldið á Greifann. Á laugardeginum var vaknað kl. 9:30 og fóru flestir upp í Hlíðarfjall í ótrúlega gott færi og púður. Hinir fóru í sund og á skauta og var gaman hjá báðum hópum! Sérstaklega hjá henni Birtu þar sem að hún var drottning fjallsins! Og Ernu þar sem hún var skautaprinsessan... og það má nú aldeilis segja það að þessar tvær stelpuskjátur voru grátbeðnar um eiginhandaráritanir og voru þær komnar með aldeilis nóg af því að skrifa nafn sitt í enda ferðarinnar!



Í Oddeyrarskóla var íþróttasalur og voru þar leikir langt fram á nótt og var Birta heitust í körfunni! Á meðan var Erna uppi í herbergi í heitum slúðurhring. Útkoma þessarar ferðar var, ef að við ættum að segja frá, bara noookkuð fullkomin...!;) og hefðum við aldeilis verið til í að vera lengur!

Táningafræðarinn!!!

BirtaTöff & ErnaGimp

kveðja að sinni..;)

BLAÐAMANNAKLÚBBUR BÓLSINS
Fomaður: Gísli Már Guðjónsson

Hátíð í Mosfellbæ

Verður hátíð í Mosfellsbæ? Ó, já! Hverju erum við að fara fagna öðru en að vera Mosfellingar? Við ætlum öll að skunda niður í íþróttahús og stiðja Slææarann og félaga í meistaraflokki í handbolta. Hátíðarhöldin halda svo áfram um kvöldið þegar dúettinn og gleðigjafarnir Hljómur ætlar að halda hlöðuball á Laxnesi.

Allir að mæta

Leikurinn á laugardaginn er gríðarlega mikilvægur fyrir handboltann. Við erum að berjast um að vera í efstu átta og til þess að eiga möguleika þurfum við að sigra KA sem eru einu stigi á undan okkur í deildinni. Djöfull ætla ég að vinna á þessum KA-mönnum. Ég get lofað því að það verður barist til síðasta blóðdropa hjá báðum liðum og ég lofa því einnig að ég mun ekki fara frá þessum leik án þess að fá blóð á tennurnar. Hvort sem það verður mitt eigið eða ekki.

Frábært framtak

Svo um kvöldið ætlum við öll að fara upp í Laxnes og fagna sigrinum og fagna því að vera Mosfellingar. Hilmar Gunnarsson og Ágúst Bernharðsson hafa einir síns liðs haldið uppi því litla og í raun eina félagslífi sem hefur verið að finna í þessum bæ eftir að hið sáluga Lókal var lagt til hvílu. Það er nú ekki oft sem það er eitthvað að gerast en þeir félagar hafa reglulega skemmt fólki á Draumakaffi og öðrum samkomum. Stemmningin sem fylgir þeim leynir sér ekki og lætur engan ósnortinn. Ég tek að ofan fyrir þeim. Því án þeirra væri bara ekki neitt að gerast í þessum blessaða bæ.

Lókal-kvöld í sumar?

Þótt að Hljómur sé að gera það gott þá saknar Slææ samt Lókal-kvöldanna góðu. Þau voru óborganleg og var samstaða unga fólksins aldrei meiri. Ég heiti því að gera allt sem ég get til þess að halda eitt slíkt kvöld í sumar. Til heiðurs Lókal-blaðinu sem var tímamótablað, ekki bara í Mosó heldur bara á landinu öllu...! Þótt það sé ekki til lengur þá finnst mér ekkert að því að heiðra minningu þess og ég efast ekki um að allir bæjarbúar taki því fagnandi. Ég meina þarna fóru nú margir ungir Mosfellingar í sinn fyrsta sleik.

En að lokum segi ég bara áfram Afturelding, áfram Hljómur og áfram sleikur á Lókal-kvöldi.

Ásgeir „Slææ" Jónsson
Vill eiga langan og góðan laugardag með Mosfellingum
asgeir@mosfellingur.is

Dramadrottningar

Vegna fjölda áskoranna hef ég loksins ákveðið að taka fram pennan og tjá mig lítillega. Eftir að hinir pennarnir hófu skrif í þetta ágæta blað uxu vinsældir þeirra hjá kvenþjóðinni upp úr öllu valdi. Maður hefur heyrt sögur af þessum gaurum þar sem þeir eru hundeltir af stelpunum og þá sérstaklega góðvini mínum og handboltatröllinu Geira Slæ. Hann þarf að fara huldu höfði út í búð til að versla mjólk fyrir mömmu sína, kannski með fake yfirvaraskegg eða eitthvað slíkt og hann þarf ávallt að ,,láta á silent" á næturnar til að fá svefnfrið. Athygli frá gagnstæðu kyni er yfirleitt af hinu góða en svona crazybitch athygli er TOO MUCH. Þess vegna hef ég ákveðið að koma ekki fram undir nafni en mun þess í stað ganga undir listamannanafninu Pablo.

Nú er nóg komið af þessu bulli og yfir í aðra sálma og í umfjöllunarefni mitt í þessari grein en það eru DRAMADROTTNINGAR. Stelpur eru algjörar dramadrottningar, það er hreinlega eins og þær lifi fyrir dramað. Allstaðar þar sem ég kem í námunda við þessar elskur verð ég ætíð var við eitthvert drama, hvort sem ég er staddur í skólanum, á djamminu, í vinnunni eða í MOSÓ. Það eru kannski orðum aukið að dramað sé að tröllríða þjóðfélaginu en það er allavega eitthvað til í því. Dramadrottningum hefur fjölgað mjög síðari ár og nú fyrirfinnast dramadrottningar í hverju horni og kima. Ég spái mjög mikið í mannfólkið og þá sérstaklega kvensurnar og veit því hvað ég er að segja. Mér sýnist dramað vera á háu stigi hér í Mosó og í sumum tilvikum má líkja þessum vágesti við andlegan kvilla sem þörf er á að ,,lækna" hvernig sem það er nú gert.

Uppsprettan að öllu þessu drama kemur úr imbakassanum. Eins og unglingar eru gríðalega móttækilegir og fljótir að tileinka sér hluti úr sjónvarpinu eru drottningarnar jafn fljótar að tileinka sér allt dramaruslið sem kemur þaðan. Þættir á borð við One tree hill, afsprengdar eiginkonur og sex in the city eru stórhættulegir fyrir stelpur sem innihalda dramadrottningargen og eru þar með nærmar fyrir svona skít.

Ég veit ekki hvort að stelpum finnist það eitthvað cool að vera dramadrottning eins og strákum finnst töff að eiga flottan bíl eða vera vel dressaður. Kannski er það þannig meðal stelpnanna, að sú sem er mesta dramadrottningin hljóti mestu virðinguna, maður spyr sig? Sem karlmaður getur maður ekki sett sig í flókinn hugarheim drottninganna og því næstum tilgangslaust að vera með svona vangaveltur. Sem áhorfandi að dramaheimi drottninganna finnst mér þetta oft á tíðum forvitnilegt og spennandi, hálfgert raunveruleika sjónvarp þar sem skiptist í með skini og skúrum. Maður kannski veltir því fyrir sér hvort að ,,Gunna eigi eftir að hata Jóu líka á morgun, því að gaurinn sem afmeyjaði Gunnu fyrir 8 árum síðan svaf hjá Jóu um síðustu helgi. Ég spái því samt að Gunna eigi eftir að fyrirgefa Jóu strax í kvöld með tárum og knúsi".

Ég vona að dramað sé bara einhver bóla sem muni springa innan skamms. Stelpur! Góðar ráðleggingar frá Pablo ; þetta er ekki cool og ekki ógeslega töff skiluru. Chillidi bara og ekki hleypa öllu í háaloft útaf ekki neinu og fyrst fremst ekki baktala vinkonur ykkar sem þið umgangist daglega. Hættið þið þssu drama og verið ekki fólkinu í kringum ykkur til ama! Pablo kveður með ást og virðingu í hjarta sínu, tileinkað öllum dramadrottningum í Mosó. ARR.



 # Cool, ógeslega töff skiluru mikið notað í heimi drottninganna stolið frá karakternum Silvíu Nótt.

Syndugasti tími ársins

Jæja, nú eru bara páskarnir að hvolfast yfir okkur. Tími útsvefns, páskaeggjaáts, tjaldbúða á Þjóðarbókhlöðunni og máltíða með fjölskyldunni. Þetta er kærkominn tími sem sérhver býður velkominn til að brjóta upp önnina eða fyrrihluta vinnuárs.

Tími til að henda sér kannski niður brekkur Skálafells eða valsa um í Mickey Mouse bol og söndölum á Flórída.

En gekk þetta ekki út á eitthvað annað...? Jú, alveg rétt! Jesús frelsari mannkynsins var krossfestur og dó fyrir syndir mannanna í þessu yndislega fríi! Þetta virðist vera staðreynd sem ekki er mikið talað um í vellystingum páskamatarins. Og kaldhæðnin í þessu öllu saman er líklega sú, að þetta er einn syndugasti tími ársins. Öll börnin að springa úr græðgi því þau fá ekki nema bara tíu páskaegg númer 23 og foreldrar eru að reyna að ýta á alla veika punkta yfirmannanna til þess að kreista út allt það frí sem hægt er að kúga út.

Að sjálfsögðu ýki ég þar sem ég er dóttir föður míns, en svona lítur þetta út fyrir mér þegar ég fer að skoða málið. Og ekki get ég sagt að ég og mín fjölskylda séum eitthvað betri. Það er ekki liðinn áratugur síðan við héldum okkar fyrstu páska hér í Mosfellsbæ, að pabbi greip í pönnuna góðu og kvöldinu var bara eytt eins og hverju öðru föstudagskvöldi með búrger og movie! En það var nú kannski af sökum uppskriftaskorts hjá einstæðum gömlum pabba.

Mér finnst þetta sýna svo vel hvað Ísland er ótrúlega trúlaust land í heild sinni og hvernig Íslendingar eru ekkert að taka þessu of alvarlega. Sem að ég tel reyndar mikinn kost því að mín trú er sú að Jesús hafi nú verið hinn snjallasti kall sem sagði þessar fínu dæmisögur og breytti þessu í yfirnáttúrulegt dæmi til að grípa hug og athygli fólks. Þar má nefna sögu vel vaxna og fallega stjörnuparsins Adams og Evu.

Og þessu trúði ég öllu saman þar til að ég hóf menntaskólagöngu mína og jarðfræði bættist við í flóru skólafaga og reyndist þá raunin sú að við komum af illa lyktandi og hárugum öpum. Sem kann að skýra mína mjög svo ókvenlegu og hárugu handleggi. Ég hugga mig á því að svona hafi normið verið fyrir aðeins nokkrum miljónum ára.

Þess vegna hvet ég þig, kæri Mosfellingur, til þess að þetta verði árið sem þú gluggar í Biblíuna á páskadagsmorgun í stað þess að horfa á morgunsjónvarp barnanna með páskaegginu. Aldrei að vita nema góð lífsspeki hrynji framan í mann þar eins og út úr páskaegginu. ;)

Kara

Pizza mánaðarins
Pisa

Pepperone, sveppir og piparostur

12“ - 999 kr.
16“ - 1299 kr.

Óskum eftir hressu starfsfólki!
Umsóknareyðublöð á staðnum

Spurning til bæjarbúa

Á að ferðast eitthvað um páskana?

Stefán Ómar

Já, ég fer til Akureyrar í fermingarveislu.

Sigríður

Nei, ég verð bara heima þessa páskana.

Þórður

Nei, ekki neitt.

Alexandra

Ég er að fara norður á Sauðárkrók.

Birgir

Já ég neyðist til þess, er að fara til Bretlands.

Lena Ósk

já, til Vopnafjarðar í gamla húsið hennar ömmu.

HVERJUR VORU HVAR

Reynir, H-Stef og Dís



Allir í stuði

Passamyndataka

Heiða og Ásdís

Össkrandi gleði

50 kallinn og Jónsi í svörtum

Reykjavegsbúarnir saman á ný!



Gettó gengið

Baldur hefur lítið breyst!

Fyrsti kossinn

Premeningarnir stíga á stokk

Tveir gamlir félagar

Fitnesströllið og rauða ljónið

Strákarnir okkar

Tvær að kinnast

Beta og Jóna í gleði

Elvar og Stebbi að mála bæinn rauðann

Allt í fókus?

Sjens á sleik?

Siggi og Kata í stuði

Gústi og Lára í villibráð

Heimasætan

Tvær á leið á djammið



Svak

Jónsi og Maggi með leiðindi

Odda og Folda

iri og Magnea í gleðskapi

Bragi og Ólafs

Endilega sendið okkur myndir - mosfellingur@mosfellingur.is

GUMMI, INGVAR KRISSI OG GUMMI

INGVAR MEÐ BESTA GÍTARSÓLÓIÐ

Í fótsporum meistaranna

Málverkasýning nemenda í 9. og 10. bekk í Varmárskóla.

Nemendur setja sig í fótspor erlendra og innlendra listmálara með því að kynna sér listamann og hans verk. Velja þau sér síðan eitt málverk til að endurmála. Nemendurnir þurfa að finna út rétta liti og áferð til að endurgerðin líkist frummyndinni sem allra mest og með aðstoð myndlistakennara eldri deildar Varmárskóla Elísabet Stefánsdóttur.

Enn eru lausir básar

fyrir fyrirtæki og félagasamtök
á hátíðarsýningu bæjarhátíðarinnar

„Í túninu heima"

Dagana 25. til 27. ágúst er fyrirhuguð glæsileg bæjarhátíð í Mosfellsbæ. Íþróttahúsinu að Varmá verður breytt í „Hátíðarhöll" þar sem fyrirtækjum, stofnunum, félagasamtökum og einstaklingum gefst kostur á að kynna starfsemi sína. Fyrirtæki og félagasamtök eru hvött til þátttöku.

Hafið samband:
Daði þór Einarsson
dadithor@internet.is

ÁSLÁKUR · ÁLVÖRU SVEITAKRÁ

Alvöru sveitakrá

Alltaf til staðar

ÁSLÁKUR · ÁLVÖRU SVEITAKRÁ

INNRÖMMUN
E.S.S. ehf
Þverholti 5
270 Mosfellsbæ
Sími 566 7625

Alhliða innrömmun
s.s. handverk, speglar, málverk o.fl.
Útsaumur
handklæði

OPIÐ:
virka daga
12:00-18:00
og eftir samkomulagi

gsm 894 1825
heima 566 7628
essinn@simnet.is
www.simnet.is/essinn

ÞJÓNUSTA Í MOSFELLSBÆ

Hársnyrtistofan Belló
Háholti 14.
Sími: 586 - 8989.

Bylgja Matthíasdóttir Lcph
Hómópati homopati@hive.is
www.lifslind.is S:586-8883

Bílapartar ehf.
Grænumýri 3 - Sími 587-7659
bilapartar@bilapartar.is
www.bilapartar.is

Bæjardekk
Langatanga 1a.
Sími: 566 - 8188.

Atvinna í boði

Óskum eftir meiraprófsbílstjóra, vinnuvélamanni og verkamönnum.

ÞAÐ SEM TIL ÞARF
VGH MOSFELLSBÆ
Verktaki - Vélaleiga
GSM: 896 6279 896 9443 896 2279

Upplýsingar í síma 896-2279 (Leifur)

SMÁAUGLÝSINGAR

Íbúð óskast
Íbúð óskast til leiguí Mosfellsbæ fyrir ung hjónmeð eitt barn (5ára)
Helst tvö herbergi og eldhús. Upplýsingar í síma: 616-7247 (Darek)
Tölvupóstur:darpiersa2@wp.pi

Bestu pizzurnar í bænum
ÞVERHOLT 2 - KJARNI

MOSFELLINGUR

GK Snyrtistofa
Kjarna
Þverholti 2
Sími: 534 3424

Ljósm. Magnús Már

Gleðilega páska

Páskahátíðin gengur senn í garð og er vafalaust í nógu að snúast hjá væntanlegum fermingabörnum og fjölskyldum þeirra við undirbúning svo ekki sé nú talað um sóknarpresta Lágafellssóknar séra Jón Þorsteinsson og séra Ragnheiði Jónsdóttur. Á heimasíðunni lagafellskirkja.is má lesa sig til um allt helgihald yfir hátíðarnar í kirkjunum, fermingar og nöfn fermingabarna. Mosfellskirkja var vígð 4. apríl 1965. Hún er gerð eftir teikningu Ragnars Emilssonar að undangenginni samkeppni. Kirkjan er byggð úr steinsteypu, sperrur eru úr járni en þakklætt eiri svo og kirkjuturninn sem stendur á þrem súlum upp af austurhorni kirkjunnar. Yfirsmiður var Sigurbjörn Ágústsson, húsasmíðameistari í Hafnarfirði, uppsetningu á sperrum og þakgrind annaðist Leifur Loftsson. Allir fletir kirkjunnar eru þríhyrningslaga. Í kirkjunni eru sæti fyrir 108 manns. Þessa fallegu mynd af Mosfellskirkju tók Magnús Már Haraldsson áhugaljósmyndari nú á dögunum.

Sumarhús

Mjög spennandi útfærsla á sumarhúsi í gömlum íslenskum stíl. Margir áhugaverðir hönnunarmöguleikar. Má útfæra eftir nánara samkomulagi við byggingaraðila.
Afar vönduð vinna og örugg þjónusta.
V. 3,2m

BERG FASTEIGNASALA

Sími: 588 55 30
Opið virka daga frá kl. 9-18
Netfang: berg@berg.is • www.berg.is
Pétur Pétursson
Löggiltur fasteignasali GSM: 897 0047

Leirutangi - Sér inngangur

Til sölu mjög falleg 92,5 fm. íbúð á jarðhæð með sér inngangi og sér garði við Leirutanga í Mosfellsbæ. Flísar á stofu. Útgengt í sér garð úr stofu. Hellulögð verönd. Fallegt eldhús með góðri eldhúsinnréttingu.Borðkrókur. Flísar á baði. Sér þvottahús. Tvö svefnherbergi. Mjög barnavænt umhverfi.
V. 17,8 m.

Lágholt

Nýtt í sölu. Mjög fallegt 200 fm. einbýli við Lágholt í Mosfellsbæ. Nýlegt eldhús. Flísar á eldhúsi og stofu . Upptekin loft í stofu. Gestasnyrting og gott baðherbergi. 4 svefnherbergi. Glæsilegur sólskáli með arni. Góður frágangur. Einstaklega fallegur garður. Heitur pottur. Þetta er einstök eign við rólega lokaða götu. Skóli,íþróttaaðstaða og hestavöllur í göngufjarlægð. **V. 39,5 m.**

Bergholt.

Nýtt í sölu.
Mjög vandað 184 fm. einbýli við eina fallegustu götu Mosfellsbæjar. 4 svefnherbergi. 2 baðherbergi/snyrtingar. Björt stofa með arni. Stór bilskúr með geymslu inn af. Fallegur garður. Gróið hverfi. Nýtt K gler í öllum gluggum og nýr þakkantur.
V. 37,8 m.

Blikahöfði

Ný í sölu. Mjög falleg 100 fm. 3ja. herb. íbúð á jarðhæð með sér inngangi í góðu fjölbýli við Blikahöfða í Mosfellsbæ. Afar vönduð gólfefni. Náttúruflísar og beykiparket. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Þvottahús innan íbúðar. Útgengt úr stofu á stórarn sólpall með skjólveggjum. **V. 22,8**

Byggðarholt. Laus strax

Nýtt í sölu.
Mjög vel staðsett 176,2 fm. raðhús á einni hæð í Mosfellsbæ. 3 góð svefnherbergi Má gera það fjórða. Innangengt í bílskúr. Fallegur bakgarður. Hellulagt bílaplan. Tvær snyrtingar. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Laust strax.
V. 35,7 m.

Ásland 274 fm. einbýli

Afar glæsilegt tveggja hæða 274 fm. einbýli á stórkostlegum útsýnisstað í Mosfellsbæ. Mjög vandaðar innréttingar og gott skipulag. tvö baðherbergi. Nýtt eldhús og 4 svefnherbergi. Mjög stór lóð. hellulagnir og sólpallur. Allt fyrsta flokks. **V. 52 m.**

Berg fasteignasala stofnuð 1989